

Ef barn týnist í GSS

Skólalóðir/útisvæði eru sjaldan girt og læst. Gott eftirlit með börnum á leiksvæðum og skýrar reglur minnka líkur á því að barn fari eitt heim án leyfis. Ef barn týnist á skóla – eða dagvistunartíma ber starfsmönnum að leita þar til það finnst.

Barn týnist

Leit að barni

Starfsmaður leitar á öllu starfssvæðinu, úti og inni. Umsjónarmenn eru með *gátlista* (já aftar) þar sem taldir eru upp þeir staðir sem leita skal á.

Finnst barnið á skólasvæðinu/
starfssvæðinu

JÁ

Rætt við barnið um nauðsyn þess að láta fullorðinn vita hvar það ætlar að leika sér. Foreldrar upplýstir um málið í lok dags.

NEI

Haft samband við forráðamenn.

Finnst barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði/starfssvæði, verður að gera foreldrum viðvart, og einnig kanna hvort þeir hafi sótt barnið. Mikilvægt er að sýna fagmennsku og forðast að valda foreldrum hugarangri, benda foreldrum á að starfsmenn muni leita betur að barninu.

Var barnið sótt?

JÁ

Mikilvægt að útskýra fyrir foreldrum nauðsyn þess að láta starfsmenn vita ef barn er sótt, þar sem mikill tími fer í að leita að barni.

NEI

Leit endurtekin

Leit endurtekin í samráði við foreldra. Starfsmaður tekur þátt í leit að barni í nánasta umhverfi starfsstaðarins. Foreldrar beðnir að athuga hvort barn hafi skilað sér heim. Aðilar uppýsa hvorn annan um framgang leitarinnar.

Haft samband við lögreglu í samráði við forráðamenn

Mikilvægt er að vera skýr í samtali við lögreglu og gefa upp nákvæmar upplýsingar. s.s. hvaðan hringt er, hver hringir, hvers vegna o.s. frv. Í sumum tilfellum tilkynna foreldrar sjálfir hvarf barns til lögreglu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hversu lengi starfsmaður tekur þátt í leitinni.

Ef það kemur ítrekað fyrir að barn týnist, verða foreldrar og starfsmenn að ræða saman um leiðir til úrbóta.

Gátlisti

Úti:

- rampur við íþróttahús
- bak við skólahúsið
- stúkan við íþróttavöll
- tröppur að heimilisfræðistofu og myndmenntastofu
- o. fl.

Inni:

- salernin
- niðri við verkmenntastofur
- amtsbókasafn
- o.fl.